

## Hrafnhildur Inga um sig og listina:

Ég er ekki viss um að forfeður okkar fyrir tugum þúsunda ára hafi kallað það list þegar þeir ristu á hellisveggina fallegar myndir af dýrum. Þetta var bara bráðin sem þeir veiddu sér og sínum til framfæris. Gæti þetta ekki hafa verið skrásetning, einskonar myndataka eins og þegar við tökum myndir af okkur sjálfum á árbakkanum hömpum fallegum laxi eða krjúpum við hlið villibráðar á heiðum uppi. Ég vil miklu frekar tala um list sem leik eða skrásetningu. Allavega lít ég þannig á það sem ég fæst við með því hugarfari.

Það er snúinn leikur að standa frammi fyrir hvítum striga og ætla sér að setja eitthvað þar á sem skiptir manni einhverju máli. Oft fallast manni hendur en ef maður ströggjar nógu lengi og stendur við, þá fer eitthvað óútskýranlegt að gerast sem ómögulegt er að lýsa.


Ég mála það sem ég sé og hef séð og geymi innra með mér, hugarfar og tilfinningu, ekkert merkilegt við það heldur er þetta bein túlkun á því sem ég kem ekki frá mér á annan hátt. Sumir skrifa, semja eða bara tala við náungann. Þetta hentar mér betur.

Þetta er skrásetning á veðurfari sem ég horfi á út um gluggann minn eða bílrúðuna á ferðalögum eða þegar ég sit við ána horfi á strauminn, hlusta á fossniðinn og bíð eftir að sá stóri taki.

Ég man eftir þeirri gleðitilfinningu sem gagntók mig þegar ég náði því fyrst fram á striganum sem mig langaði til að segja þar. Það var löng leið og brokkgeng sérstaklega vegna þess að ég var ekki búin að finna réttu leiðina og finn hana vonandi aldrei alveg.

Það er endalaust hægt að njóta þess að horfa á brimið og völdugt skýjafar og það er það sem ég hef reynt að fanga undanfarin ár í málverkinu mínu. Oft er þetta leikur með ljós og skugga en best finnst mér takast til ef maður finnur aflíð brjótast um, það er þá sem ég held að skapið og tilfinningarnar streymi í gegn.

Norrænir listamenn eru með annað eðlisfar en þeir sem búa annarsstaðar, það er eitthvað sem tengist óblíðu veðurfari og birtist allaf, sama hvaða listgrein á í hlut. Þungi, drungi, ofsi, birta.



Veður, 2011, olía á striga, 45x60 cm




Bátur, 2011, olía á striga, 40x50 cm



Bjarmi, 2012, olía á striga, 74x50 cm



Boði, 2012, olía á striga, 74x50 cm



Bjarmi, 2012, olía á striga, 74x50



Straumar 6, 2011, olía á striga, 100x140 cm





Mynd©RAX

## Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir

[www.hrafnhilduringa.com](http://www.hrafnhilduringa.com)

Símar: 821 3993, 565 7371, 487 8145. Netfang: [hrafnhilduringa@gmail.com](mailto:hrafnhilduringa@gmail.com).

Vinnustofur á Garðafliöt 16, Garðabæ og Sámsstaðabakka í Fljótshlíð, Rangárbíngi eystra.

Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir er fædd að Vestur-Sámsstöðum í Fljótshlíð og ólst þar upp. Hún stundaði myndlistarnám við Myndlistaskóla Reykjavíkur 1978 og 1979, Myndlista- og handiðaskóla Íslands, nú Listaháskóla Íslands, 1980-1984 og lauk þaðan prófi í grafískri hönnun. Árin 1999 og 2000 bætti hún við sig námi í olíumálun í Myndlistarskóla Kópavogs.

### Einkasýningar:

2012 *Sjólag*. Artótek, Borgarbókasafni Reykjavíkur  
 2011 *Straumar*. Gallerí Fold, Reykjavík  
 2011 *Hvarvetna*. Ketilhús, Akureyri  
 2011 *Ágjöf*. Einarstofa, Safnahúsi Vestmannaeyja  
 2010 *Hvar áttu heima?* Gallerí Fold, Reykjavík  
 2008 *Landsmót*. Gallerí Ormur, Rangárbíngi eystra  
 2008 *Í forsöl vinda*. Start Art, Reykjavík  
 2007 *Landsýn*. Skriðuklaustri  
 2007 *Landbrot*. Hafnarborg, Hafnarfirði  
 2005 *Landshorn*. Ketilhúsi, Akureyri  
 2004 *Útsuður*. Gallerí Ormur, Rangárbíngi eystra  
 2004 *Utanskerja*. Hús malaranna, Reykjavík  
 2002 *Fyrstu leitir*. Gallerí Skúlagata, Reykjavík

Hrafnhildur Inga hefur tekið þátt í samsýningum á Spáni, Bandaríkjunum, Litháen og á Íslandi. Hún hefur dvalið í gestavinnustofu á Skriðuklaustri og Skandinavisk Forenings Kunstnerkollegium í Róm, Ítalíu. Hrafnhildur Inga rak um árabíl eigin auglýsingastofu en starfar nú eingöngu við myndlist. Hún er félagsmaður í Félagi íslenskra teiknara og Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Verk eftir hana eru til sýnis og sölu í Gallerí Fold við Rauðarárstíg, sjá [www.myndlist.is](http://www.myndlist.is), Gallerí List í Skipholti, sjá [www.gallerilist.is](http://www.gallerilist.is) og í Artóteki, Borgarbókasafni Reykjavíkur. Einnig eru verk eftir Hrafnhildi kynnt á [www.saatchionline.com](http://www.saatchionline.com) og [www.fineartamerica.com](http://www.fineartamerica.com). Nánari upplýsingar um Hrafnhildi Ingu eru á vefsíðunum: [www.umm.is](http://www.umm.is) og [artotek.is](http://artotek.is).

Mynd á forsíðu: *Straumar 9*, 2011, olía á striga, 60x60 cm.

Artótek, Borgarbókasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík, sími 411 6100, [www.artotek.is](http://www.artotek.is)

# ARTÓTEK

## Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir



Mars 2012. Kynning í Artóteki nr. 34

